

7. MARS
2024

ÍPRÓTTAHÚSIÐ
STYKKISHÓLMI

Sinfónían í Stykkishólmi



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Forleikur 5'

Kvæðið um fuglana 3'

Ave María 3'

Sofðu vært Ellen 3'

Sellókkonsert 24'

Sinfónía 42'

Hlé er 20 mínútur

Kvenfélagið Hringurinn selur veitingar í hléi.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Sinfónían í Stykkishólmi

TÓNLEIKAR Í ÍPÞÓTTAHÚSINU Í STYKKISHÓLMI
7. MARS KL.19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Steiney Sigurðardóttir
einleikari

Karلاكórinn Heiðbjört
Hólmfríður Friðjónsdóttir,
kórstjóri

Karلاكórinn Kári
Linda Maria Nielsen,
kórstjóri

**Kirkjukór
Grundarfjarðarkirkju**
Linda Maria Nielsen,
kórstjóri

Kirkjukór Ólafsvíkur
Veronica Osterhammer,
kórstjóri

**Kór
Ingjaldshólskirkju**
Elena Makeeva, kórstjóri

**Kór
Stykkishólmskirkju**
László Pető, kórstjóri

Kvennasveitin Skaði
Hólmfríður Friðjónsdóttir,
kórstjóri

Wolfgang Amadeus Mozart

Forleikur úr Brúðkaupi Fígarós KV 492 (1786)

Atli Heimir Sveinsson

Kvæðið um fuglana (1984) úts. Hrafnkell Orri Egilsson

Sigvaldi Kaldalóns

Ave María (1925) úts. Hrafnkell Orri Egilsson

Valentina Kay

Sofðu vært Ellen

Franz Joseph Haydn

Sellókonsert nr. 1 í C-dúr (1761-65)

Moderato
Adagio
Allegro molto

Hié

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 7, í A-dúr op. 92 (1811-12)

Poco sostenuto - Vivace
Allegretto
Presto
Allegro con brio

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Sinfóníuhljóm- sveit Íslands

Á dagskrá innanlandsferðar Sinfóníuhljóm-sveitarinnar 2024 eru auk tónleikanna í kvöld tvennir skóla-tónleikar; í íþróttahúsinu í Borgarnesi þann 7. mars fyrir leikskóla- og grunnskólabörn úr Borgarnesi, Akranesi og uppsveitum Borgarfjarðar og í íþróttahúsinu í Stykkishólmi þann 8. mars fyrir leikskóla- og grunnskólabörn víða af Snæfellsnesi.

Á tónleikunum flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands tónlistarævintýrið um músina Maxímús Músíkús, þar sem Maxi kynnist tónlistinni af eigin raun og leiðir hlustendur með sér inn í heillandi hljóðheim hljómsveitarinnar. Höfundur tónlistarævintýranna um Maxímús Músíkús er Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari myndskreytti. Ross Jamie Collins heldur um tónsprotann og sögumaður er Valur Freyr Einarsson leikari.

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950 og hélt sína fyrst tónleika í Austurbæjarbíói í Reykjavík 9. mars á því ári. Næsta áratuginn voru þó langflestir tónleikar hljómsveitarinnar haldnir í Þjóðleikhúsinu eða þar til hún eignaðist samastað í Háskólabíói haustið 1961. Fyrstu tónleikaferðir Sinfóníuhljómsveitarinnar voru farnar á 7. starfsári hennar árið 1956 - í maí til Hafnarfjarðar, um sumarið til Vestmannaeyja og um haustið til Selfoss, Borgarfjarðar og Akraness. Síðan þá hafa slíkar tónleikaferðir verið snar þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í júníbyrjun 1977 var ferðinni í fyrsta sinn heitið til Stykkishólms með viðkomu á Hellissandi. Þá um haustið urðu líka þau þáttaskil í starfsemi hljómsveitarinnar að hún fór í sína fyrstu hringferð um landið og í framhaldinu í fyrstu utanlandsferð sína til Færeyja. Þar með var ísinn brotinn og vorið 1981 ferðaðist hljómsveitin til meginlands Evrópu og spilaði meðal annars í Musikverein-salnum í Vínarborg. Á þeim tæplega 43 árum sem síðan eru liðin hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands ferðast víða um lönd og hvarvetna getið sér gott orð.

Heimsóknirnar til Snæfellsness urðu líka fleiri. Í september 1986 kom hljómsveitin til Stykkishólms og lék þá meðal annars 7. sinfóníu Beethovens líkt og á þessum tónleikum. Réttum tveimur árum síðar var hún aftur mætt og spilaði á tónleikum í Ólafsvík og hér í Stykkishólmi. Haustið 1990 hljómaði leikur Sinfóníunnar í Grundarfjarðarkirkju og aftur í Ólafsvík og Stykkishólmi árið 1993 en þar tók Jöklaórinn þátt í flutningnum. Næst kom hljómsveitin hingað í Hólminn vorið 1997 og aftur ári síðar og söng Kirkjukór Stykkishólms þá með henni. Í sömu ferð spilaði Sinfónían í Grundarfirði með fulltingi Kirkjukórs staðarins og Barnakórs Eyrarsveitar og síðan í Ólafsvík þar sem Lúðrasveit Stykkishólms blés Ólafsvíkurmarsinn eftir Oliver Guðmundsson með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og stjórnaði hún síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007-2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Filharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst 2022, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, og stuttu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Filharmóníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.



Steiney Sigurðardóttir

EINLEIKARI

Steiney Sigurðardóttir er fædd árið 1996. Hún hóf sellónám 5 ára gömul hjá Örnólfi Kristjánssyni og var nemandi hans í átta ár við Suzuki tónlistarskólann í Reykjavík og Tónskóla Sigursveins. Hún lauk framhaldsprófi vorið 2012 undir handleiðslu Gunnars Kvaran aðeins 16 ára gömul. Frá áramótum 2013 til ársins 2015 var hún nemandi Sigurgeirs Agnarssonar við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hún útskrifaðist með burtfararpróf. Fyrir prófið hlaut hún styrk Halldórs Hansen fyrir framúrskarandi námsárangur. Árið 2016 hóf Steiney nám í Tónlistarháskólanum í Trossingen þar sem hún lauk bakkalárgráðu undir handleiðslu Prof. Francis Gouton.

Steiney hefur sótt fjölda námskeiða og má þar helst nefna Tónlistarakademíuna í Hörpu, Meadowmount School of Music, Astona International, International Music Academie Cervo og Cello Akademie Rutesheim. Auk þessa hefur Steiney spilað í opnum tímum hjá Erling Blöndal Bengtson, Clive Greensmith, Mariu Kliegel, Marko Ylönen, Troels Svane, Roland Pioux, Wenn Sin Yang og Sadao Harada.

Steiney hefur leikið einleik með hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Steiney gegnir nú stöðu staðgengils leiðara í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur einnig leikið með Kammerveit Reykjavíkur og er fastur meðlimur í Kammerveitinni Elju og Dúó Eddu sem hreppti 3. verðlaun í kammermúsíkkeppni P2 útvarpsstöðvarinnar í Danmörku veturinn 2020. Það sama ár var Steiney valin bjartasta vonin í flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaununum. Ári síðar hlaut hún einnig hin virtu Léonie Sonning talent prize sem eru veitt ungu og efnilegu tónlistarfólki.



Wolfgang Amadeus Mozart

FORLEIKUR AÐ ÓPERUNNI BRÚÐKAUP FÍGARÓS

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) er frægasta undrabarn sögunnar og almennt talinn einn mesti tónsnillingur sem uppi hefur verið. Hann fæddist í Salzburg og fékk á barnsaldri leiðsögn í fiðlu- og píanóleik hjá föður sínum. Fyrsta verk sitt samdi hann aðeins fimm ára gamall og fyrstu óperuna þegar hann var ellefu ára. Sem undrabarn ferðaðist Mozart vítt og breitt um Evrópu í fylgd föður síns. Sautján ára gamall fékk hann stöðu við hirðina í Salzburg en árið 1781 flutti hann til Vínborgar og starfaði þar til dauðadags. Eftir Mozart liggja ríflega 600 verk, sönglög, kammertónlist, konsertar, sinfóniur, óratoríur og óperur. Tónsköpun hans hafði gífurleg áhrif á verk samtímamanna hans og þeirra sem á eftir komu. Þrátt fyrir vaxandi velgengni sem tónskáld dó Mozart í sárri fátækt aðeins 35 ára gamall.

Mozart er tvímælalaust eitt mesta óperutónskáld allra tíma. Hæfileikar hans fólust ekki síst í óvenjulegu næmi fyrir fyrir innra lífi sögupersónanna, sem gerði honum kleift að semja tónlist sem speglar hræringar sálarinnar hverju sinni. Í Vínborg samdi hann sex óperur í fullri lengd á árunum 1782–91 og það í öllum helstu greinum listformsins - ítalskar óperur bæði í gamni (buffa) og alvöru (seria) sem og þýskar óperur (Singspiel), til dæmis *Töfraflautuna*. *Brúðkaup Fígarós* er gamanópera og fjallar um rakarann Figaró og heitmey hans Súsönnu sem eru að undirbúa brúðkaup sitt en fljótt kemur í ljós að greifinn sem þau þjóna er ekki allur þar sem hann er séður og hyggst fleka Súsönnu. Hjónaleysin leita á náðir greifjunnar og í sameiningu leika þau á greifann.

Brúðkaup Fígarós er í hópi vinsælustu ópera allra tíma og er sprellfjörugur forleikurinn hrein snilld.



Atli Heimir Sveinsson

KVÆÐIÐ UM FUGLANA

Atli Heimir (1938–2019) var gífurlega afkastamikið tónskáld en eftir hann liggja á fimmta hundrað verk. Meðal þeirra eru einleikskonsertar, hljómsveitarverk, óperur, ballettar, kammerverk, einleiksverk, kórverk, einsöngslög og leikhústónlist. Atli hneykslaði áheyrendur oft með brjáluðum tilraunaverkum en átti auðvelt með að bregða sér í líki rómantískra tónskálda og galdra fram hugljúfar laglínur sem nú lifa með þjóðinni. Mörg laga hans við ljóð Jónasar Hallgrímssonar eru þjóðþekkt sem og *Maríukvæðið* við ljóð Halldórs Laxness að ógleymsdu laginu við *Fuglakvæði* Davíðs Stefánssonar sem allir kunna. Atli var sem ungur maður tíður gestur hjá ömmu sinni í Flatey á Breiðafirði og dvaldi þar síðan löngum við skriftir og sér til uppbyggingar. Þar hvílir hann nú á æskuslóðum.



Sigvaldi Kaldalóns

AVE MARÍA

Fá íslensk tónskáld eiga jafn mörg þekkt sönglög og Sigvaldi Kaldalóns (1881–1946). Hann stundaði tónsmíðar meðfram læknisstörfum, lengst af við Ísafjarðardjúp og á Suðurnesjum með aðsetur í Grindavík en einnig um fjögurra ára skeið í Flatey á Breiðafirði. Var Sigvaldi dáður og virtur hvarvetna sem hann bjó enda fylgdi honum og konu hans mikil menningarleg reisn. Sönglagið *Ave María* var samið fyrir leikritið *Dansinn í Hruna* eftir Indriða Einarsson sem var frumflutt á annan í jólum árið 1925. Í aðdraganda sýningarinnar stóð eftirfarandi í einu Reykjavíkurdagblaðanna: „...Og það mun verða almannamál að loka söngurinn *Ave María* undir lagi Sigvalda Kaldalóns sé einna áhrifamest af því sem hér hefir heyrst á leiksviði.“



Valentina Kay

SOFÐU VÆRT ELLEN

Valentina Kay (1964) er fædd og uppalin í Úkraínu þar sem hún stundaði tónlistarnám og lauk mennta- og háskólanámi í tónlist. Hún flutti til Íslands árið 2002 og settist að í Ólafsvík. Haustið 2005 hóf hún nám við tónlistardeild Listaháskóla Íslands og lauk þaðan BA-prófi í tónsmíðum. Valentina byrjaði snemma að semja tónlist og hefur frá sautján ára aldri helgað líf sitt barnastarfi. Hún hefur verið skólustjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar frá árinu 2007.

Sofðu vært Ellen er barnagæla sem Ólafsvíkingurinn Egill Þórðarson orti fyrir ömmurnar, Valentínu Kay og systur sína Svanfríði Þórðardóttur til að raula fyrir litla frænku hans. Lagið hljómar nú í nýrri útsetningu Valentínu fyrir hljómsveit og kór.

Kórar á Snæfellsnesi

Framlag kóra á Snæfellsnesi er ómetanlegt í allri listsköpun í samfélaginu um leið og þeir stuðla að auknu félagslífi og samhljómi milli fólks.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld syngja yfir 100 kórsöngvarar sjö kóra, en margir þeirra syngja með fleiri en einum kór. Á blaðsíðu 14 má sjá lista yfir alla þátttakendur. Söngvurunum öllum og kórstjórunum þökkum við fyrir ánægjulegt samstarf.



Franz Joseph Haydn

SELLÓKONSERT NR. 1 Í C-DÚR

Joseph Haydn (1732–1809) fæddist í austurríska smábænum Rohrau sem liggur rösklega 40 km austur af höfuðborginni Vín. Haydn var gífurlega afkastamikill tónskáld og skipta verk hans hundruðum. Hann er gjarnan kallaður „faðir strengjakvartettsins“ en á verkalista hans er meðal annars að finna 68 kvartetta og 107 sínfóniur.

Sellókonsert Haydns í D-dúr var lengi í hávegum hafður af sellóleikurum sem og tónlistarunnendum sem helsti konsert klassíska tímabilsins fyrir hljóðfærið en sem kunnugt er skrifuðu hvorki Mozart né Beethoven slík verk. Vitað var um annan og eldri konsert eftir Haydn en hann var í tæplega 200 ár talinn glataður með öllu.

Svo gerðist undrið árið 1961 þegar Oldřich Pulkert, skjalavörður á Þjóðskjalasafninu í Prag rakst á nótur af hinum týnda sellókonserti í C-dúr. Þær voru augljóslega skrifaðar með rithönd Josephs Weigel sem var fyrsti sellisti í hljóm sveit Haydns frá 1761–1768 en fyrir hann var konsertinn saminn. Er talið að verkið hafi orðið til á milli 1761 og 1765 en ekki er vitað hvenær það var frumflutt.

Konsertinn var svo fluttur eftir þetta langa hlé í Prag þann 19. maí 1962 af sellóleikaranum Miloš Sádlo og Útvarps-hljómsveitinni í Prag undir stjórn Charles Mackerras. Sellistar og áheyrendur um allan heim tóku konsertinum fagnandi og er flutningur Mstislav Rostropovitsj í Laugar-dalshöll á Listahátíð í júníbyrjun 1978 einkar minnisstæður en þar lék hann konsertinn með Sínfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Vladimirs Ashkenazy.

Fyrsti kafli sellókonsertsins ber yfirskriftina Moderato og er yfirbragð hans frekar settlegt. Hægi kafllinn er tjáningarrík aría sem hefði sómt sér í hvaða Haydn-óperu sem er. Lokakafllinn er glæsilegur og fullur af hnyttni en í honum fær einleikarinn að sýna færni sína á gjörvöllu tónsviði hljóðfærinsins.



Ludwig van Beethoven

SINFÓNÍA NR. 7, OP. 92 Í A-DÚR

Ludwig van Beethoven (1770–1827) fæddist í þýska bænum Bonn en flutti rúmlega tvítugur til Vínarborgar þar sem hann starfaði til æviloka. Með fyrstu tveimur sífóníum sínum sannaði hann verðleika sinn sem arftaki Haydns og Mozarts og með þeirri þriðju braut hann blað í sögu hins sífóníska forms. Samtímamenn Beethovens áttu oft í erfiðleikum með að skilja tónlist hans ekki síst þegar hann spreytti sig á hinum stærri formum en stundum hitti Beethoven beint í mark. Sjöunda sífónían var fullgerð í apríl 1812 og við frumflutninginn í hátíðarsal háskólans í Vínarborg 8. desember 1813 ætlaði allt um koll að keyra. Vinsældir hennar næstu áratuginu áttu sér enga hliðstæðu meðal sífónía meistarans og það komst í vana í tónleikasölum Evrópu að klappa upp annan þáttinn.

Sífónían hefst á hægum inngangi sem ferðast mjúklega í gegnum margar tóntegundir og gefur um leið í skyn mörg af helstu tóntegundaskiptum verksins í heild. Undir lok inngangsins verður aðeins einn tónn eftir sem síendurtekinn flæðir yfir í aðalkaflann og myndar kjarnann að fyrsta höfuðstefinu. Annar kaflinn er ægifagur, eins konar tilbrigði þar sem skiptist á ábúðarfullt strengjastef í moll og blíðlegt dúr-stef þar sem klarínetta og fagott eru í forgrunni. Þriðji kaflinn er scherzó eða gletta sem æðir áfram á ógnarhraða og býður upp margar óvæntar uppákomur. Í lokarættinum heldur krafturinn og lífsgleðin áfram og enn er það lítið og sakleysislegt rytmamótíf sem tengir saman hin ólíku en fjörugu stef.

Sigurður Ingvi Snorrason

Á döfinni

14.03 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Kozhukhin leikur Brahms

Píanóleikarinn Denis Kozhukhin er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur en flutningur hans á öðrum píanókonsertri Prokofíev með sveitinni í febrúar 2019 var að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins „einhver mesta flugeldasýning sem maður hefur upplifað í Eldborginni í Hörpu“. Nú bjóðum við hinn rússneska Kozhukhin aftur velkominn á svið Eldborgar til þess að leika hinn stórbrotna fyrri píanókonsertr Johannesar Brahms. Konsertrinn er geysistór í sniðum og innblásinn af sterkum tilfinningum hins unga Brahms í garð hjónanna Clöru og Roberts Schumann.

Hafliði Hallgrímsson hefur verið í fremstu röð íslenskra tónskálda um áratugabil og á að baki fjölbreyttan og glæsilegan feril, bæði sem tónskáld og sem sellóleikari. Það er sérstakt gleðiefni að geta frumflutt tvö ný hljómsveitarverk eftir Hafliða, sem fagnaði áttæðisafmæli haustið 2021. Tónleikarnir hefjast á hinni fjörmiklu þriðju símfóníu Schuberts, verki sem tónskáldið samdi átján ára gamall á tímabili ótrúlegrar sköpunargleði.

21.03 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Mozart og Bruckner

Píanókonsertr Mozarts í d moll K466 er einn af áhrifamestu píanókonsertrum tónskáldsins, djúphugul og dramatísk tónsmíð sem var í sérstöku eftirlæti hjá rómantísku kynslóðinni sem á eftir kom. Spænski píanóleikarinn Javier Perianes býr yfir „einstakri samsetningu af hógvæð og algerrí snilld“ (Sunday Times) og hefur hlotið frábæra dóma fyrir næma og tæknilega óaðfinnanlega túlkun sína á verkum Mozarts.

Níunda og síðasta símfónía Bruckner er sömuleiðis óvenjulega persónuleg og leit tónskáldið á hana sem rökréttan endapunkt ævistarfs síns. Hann tileinkaði verkið Drottni sjálfum en trúin var tónskáldinu ætíð nálæg og hafa margir lýst hinum magnþrungnu símfóníum hans sem íburðarmiklum dómkirkjum úr tónum. Þverrandi heilsa kom að lokum í veg fyrir að hann gæti fullklárað fjórða og síðasta þátt símfóníunnar en hér hljómar hún eins og Bruckner gekk sjálfur frá henni, í þremur heildstæðum og áhrifamiklum þáttum.

Karlakórinn Heiðbjört

Eyjólfur Gunnarsson
 Guðjón Jóhannesson
 Jón Svavar Þórðarson
 Kristinn Jón Einarsson
 Kristján Þórðarson
 Róbert Þór Þórarinsson
 Þorkell Marvín Halldórsson
 Þormóður Simonarson
 Þórður Ingimar Runólfsson
 Þröstur Aðalbjörnsson

Karlakórinn Kári

Atli Geir Jóhannsson
 Eyþór Benediktsson
 Eyþór Lárentínusson
 Guðmundur Reynisson
 Gunnar Kristjánsson
 Halldór Kristinn Halldórsson
 Halldór Kristinsson
 Jóhann Jón Ísleifsson
 Jóhann Rúnar Kristinsson
 Jón Bjarki Jónatansson
 Kristján Guðmundsson
 Kristján Lárentínusson
 Lúðvík Smáráson
 Magnús Eiríksson
 Magnús Höskuldsson
 Ólafur Marinósson
 Ólafur Tryggvasvon
 Ómar Lúðvíksson
 Reynir Rúnar Reynisson
 Runólfur Guðmundsson
 Sigurjón Halldórsson
 Þorsteinn Friðfinnsson
 Þorsteinn Jakobsson
 Örn Ármann Jónasson

Kirkjukór**Grundarfjarðarkirkju**

Anna Husgaard Andreassen
 Gunnar Kristjánsson
 Helga Ingibjörg Reynisdóttir
 Herdís Björnsdóttir
 Hjördís Hlíðkvist Bjarnadóttir
 Jóna Björk Ragnarsdóttir
 Linda María Nielsen
 Olga Sædís Aðalsteinsdóttir
 Olga Sædís Einarsdóttir
 Runólfur Guðmundsson
 Salbjörg Nóadóttir
 Sigríður I Gísladóttir
 Sigurborg Kr Hannesdóttir
 Sjöfn Sverrisdóttir
 Sunna Njálisdóttir
 Sunneva Gissurardóttir
 Þorkell Máni Þorkelsson
 Þorsteinn Friðfinnsson

Kirkjukór Ólafsvíkur

Agnieszka Imgront
 Arna Dögg Tómasdóttir
 Berglind Long
 Björg Bára Halldórsdóttir
 Elsa Bergmundsdóttir
 Erwin Derungs
 Gerður Þórðardóttir
 Inga Fanney Jónasdóttir
 Jón Bjarki Jónatansson
 Katrín Aðalheiður Magnúsdóttir
 Kolbrún Guðnadóttir
 Kristinn Jónasson
 Magnea Sigurbjörg
 Kristjánsdóttir
 Magnús Höskuldsson
 Margrét Vigfúsdóttir
 Nanna Aðalheiður Þórðardóttir
 Olga Guðrún Gunnarsdóttir
 Ólafur Vignir Sigurðsson
 Sóley Jónsdóttir
 Steiney Kristín Ólafsdóttir
 Tina Jirina Baresová
 Vilborg Lilja Stefánsdóttir
 Þorsteinn Jakobsson
 Ægir Örn Sveinsson

Kór Ingjaldshólskirkju

Jóhann R.Kristinsson
 Kristinn Jón Friðþjófsson
 Lúðvík V. Smáráson
 Margrét Þorlákisdóttir
 Ómar V. Lúðvíksson
 Reynir Rúnar Reynisson
 Smári J. Lúðvíksson
 Þorbjörg Alexanderdóttir

Kór Stykkishólmskirkju

Aðalheiður Steinunn
 Sigurðardóttir
 Agnar Jónasson
 Auður Bárðardóttir
 Björgvin Þorvarðarson
 Dagbjört Hrafnkelsdóttir
 Eyþór Benediktsson
 Eyþór Lárentínusson
 Guðbjörg Egilsdóttir
 Heiða Ösp Sturludóttir
 Hjördís Þorvarðardóttir
 Kolbeinn Björnsson
 Kristján Lárentínusson
 Lára Guðmundsdóttir
 Lárus Franz Hallfreðsson
 Lucia de Korte
 Ólöf Edda Steinarsdóttir
 Sigrún Lárusdóttir
 Sigrún Þórsteinsdóttir
 Sigurdís Gísladóttir
 Svala Jónsdóttir
 Svanhildur Jónsdóttir
 Þórhildur Pálsdóttir
 Unnur María Rafnsdóttir
 Unnur Valdimarsdóttir
 Ævar Gestsson

Kvennasveitin Skaði

Anne Aumann
 Áslaug Sigvaldadóttir
 Birna Guðmundsdóttir
 Katrín Mbali
 Laufey Bjarnadóttir
 Ólína Gunnlaugsdóttir
 Sigrún Katrín Halldórsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Geirþrúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Jensdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Urh Mrak

Bassi

T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Astrid Bjelland
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

Klarínett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason

Fagott

Clara Manaud
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskráargerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Barbara Hannigan og Mannsröddin

5. APRÍL

Barbara Hannigan snýr aftur í Eldborg og mun flytja margrómaða konsertuppfærslu sína á *Mannsröddinni*, óperueinleik Francis Poulenc. Ljóðræna og leikgleði Hannigan fær að njóta sín í söng jafnt sem hljómsveitarstjórn og verður tjáningu hennar varpað upp á tjald svo úr verður einstakt sjónarspil. Auk *Mannsraddarinnar* stjórnar Barbara Hannigan hinna tónaljóði Richards Strauss, *Metamorphosen*.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS